

Freyja Bergsveinsdóttir  
Gunnlaugur SE Briem


1A


# Ítalíuskrift

Kennsluleiðbeiningar




- Ítalíuskrift
- ✓ Kennnd sem hreyfing
  - ✓ Skemmtileg þegar hægt er
  - ✓ Enginn heltist úr lestinni

 a a a a i i b b a-fjölskyldan

 b b b n n n n k k i b-fjölskyldan

## 1A Ítaliúskrift

### Fyrri bók af tveimur; hin er 1B



### Skrift kennd sem hreyfing

#### Heimsins besta rithönd?

Ítaliúskrift er skýr, einföld rithönd sem aðlagast persónu-einkennum auðveldlega. Þegar vel tekst til er hún listaverk.

Sumir kunna best við breiða, ávala stafi. Hjá öðrum verða þeir skarpir. Flestir meðalvegir þar á milli eru í góðu lagi.

Sjá betur kaflana:

#### Undirstaða

#### Saga Ítaliúskriftar

á vefir.nams.is/italiuskrift

#### postur@italiuskrift.com

Ef einhverjar spurningar vakna, sendið okkur endilega tölvupóst. Við reynum að svara eftir bestu getu.

Freyja og Gunnlaugur



<italiuskrift.com>

**M**ARKMIÐ Ítaliúskriftar er að leggja traustan grunn að skrift barnanna. Henni er fylgt fram frá tveimur hliðum. Annars vegar læra þau fastmótað hreyfingakerfi. Hins vegar er útskýrt fyrir þeim hvernig það verður að stöfum.

Grunnhreyfingin er krákustigur. Þegar hann breytist í skrift verður hún taktföst og samræmd. Þetta þarf að fastmóta frá öndverðu.

Mikilvægt er að byrja alltaf á fyrstu bókinni. Undirstöðunni má ekki sleppa. Hana geta eldri nemendur tileinkað sér á skömmum tíma. Flestir hafa þroskaðri fínhreyfingar og einhverja undirstöðu í skrift. Einu gildir hvenær þessi hefti eru tekin í notkun eða í hvaða bekk: bækur 1A og 1B eru nauðsynlegt upphaf.

Allar kennsluleiðbeiningarnar er rétt að lesa vel yfir áður en kennsla hefst.



#### Skyldleiki

Litlu stöfunum er skipt í fjölskyldur. Innan á bókarkápunni, fremst og aftast, er sýnt hvernig dregið er til hvers stafs. Á þessum síðum má rifja upp stafaslóðir.

italíuskriфт

**Skýringar með bók**

Ítarlegri kennsluleiðbeiningar eru á vef Námsgagnastofnunar: [-vefir.nams.is/italiuskrift-](http://vefir.nams.is/italiuskrift)

Á vinstri hluta hverrar síðu í bókinni eru myndrænar leiðbeiningar. Ef texti fylgir með mynd er gert að byrja að sa sem leiðbeinir barninu lesi fyrir það leiðbeiningarnar.

**Vinstri og hægri hönd**  
Bókis er fyrir snúningu og réthenta. Skýringarmyndir eru því ymist af vinstri eða hægri hönd. Lítr á fingrum hjálpa til við að læra rétt grip á skrifari.

**Skrifa**  
Myndirnar tákna að það eigi að skrifa.

**Spora**  
Myndirnar tákna að það eigi að spora með fingri.

**Byrja**  
Myndin segir til um hvar byrja á afgangi.

**Rétt og Rangt**  
Myndirnar gefa til kynna hvað er gert rétt og hvað er rangt að gera.

**Litr**  
Myndirnar sýna hvernar megi nota lit við afgangi.

**Sturtar punktur** sýnir hvar á að byrja að skrifa stafinn.

**Stafalíörir** sýna hvernig dregið er til stafa. • Raubur lryhyringu sýnir byrjarpunkti. • Grá punktalina sýnir slóð pennans þegar honum er lyft og byrjað aftur.

**Hjálparlinur** hjálpa til við að átta sig á hlutföllum og stærð stafa. **Línusákn** sól, ský, flugvél, skíp og kafkútur hjálpa til við að minna hærð og staðsetningu stafa.

**Réttur halli, stærð og form**  
Mjög mikilvægt er að láta alla stafi halla eins til að fá áferðarfallega skrift. Eins að halla rétta stærð, rétt form og jafnt bil á milli stafa. Líöðretar hjálparlinur eru á nokkrum stöðum í bókinni.

**Skriflari**  
Bjantar eru ekki allir eins. Þeir mjúku eru bestir. **HÖ, að eða gÞ.** Mikilvægt er að velja skriflari sem hentar. Gott er að prófa nokkrar gerðir.

**Gripinnmi** á bjantinn getur hjálpað til við að ná réttu gripi.

**Sitja rétt**  
Mikilvægt er að sitja rétt við borð. Stólinn sem settur er á þarf að vera í rétta hæð við borðið. Framhandleggur þurfa að hvíla þægilega á borðinu.

**Forskriftarblöð**  
Úrval forskriftarblaða til úprentunar er hægt að nálgast á kennsluvef.

1

## Bls. 1 Skýringar með bók

**LEIÐBEININGAR** þarf að lesa yfir með börnunum og útskýra þær í þaula. Hér eru mikilvæg atriði úr bókinni.

Kennt er með nýjum áherslum.

1. Skriftin er kennd sem hreyfing.
2. Ekkert barn má heltast úr lestinni. Nóg er til af viðbótaræfingum á [italiuskrift.com](http://italiuskrift.com) fyrir þá sem þurfa á aðstoð að halda.
3. Aðaláherslan er á hreyfingakerfi litlu stafa en þeir eru yfir 75% af íslenskum texta.
4. Börnin læra tengda skrift frá upphafi.
5. Mikil áhersla er lögð á að draga rétt til stafs.
6. Stafir með sama svipmót skiptast í fjölskyldur. Hver þeirra er auðkennd með sínum lit.
7. Hjálparlinur mynda ramma sem afmarkar penna-drætti. Þær skýra stærð stafa og hlutföll þeirra.

Bókin hentar örvhendum jafnt sem réthendum.

Fyrstu æfingar bókarinnar, bls. 2–9, þjálfva handastjórn og fínhreyfingar jafnframt skriftarhreyfingunni sjálfri. Þegar árangri hefur verið náð eru börnin fær um að spreya sig á stöfum.


Eftir hverja blaðsíðu þarf að skoða æfingar hvers barns og meta þær. Ef það hefur ekki náð tilskildum árangri má ævinlega ná í fleiri sambærilegar æfingar sem það getur fengist við áður en byrjað er á næstu síðu.

Gert er ráð fyrir því að kennarar hafi kynnt sér allan kennsluvefinn áður en þeir byrja að kenna bækurnar. Til upprifjunar er þeim bent á að lesa tiltekna kafla á kennsluvefnum því í þeim er fjallað ítarlegar um það sem verið er að leiðbeina með hverju sinni.


Sum börn keppast við að ljúka æfingum eins fljótt og þau geta. Þau læra lítið af því. Í hverjum skriftartíma þarf helst að minna bekkinn á að flýta sér ekki.

**Munið alltaf eftir að hrósa barninu.** (Rannsóknir gefa til kynna að lof fyrir iðjusemi dugi betur en fyrir hæfileika.)

**Kennsluleiðbeiningar eru á kennsluvef Námsgagnastofnunar:** [-vefir.nams.is/italiuskrift-](http://vefir.nams.is/italiuskrift) **Viðbótarefni er hægt að nálgast á lénið:** [italiuskrift.com](http://italiuskrift.com)



## Bls. 2 Þjálfað með kroti



Skalla-Grímur



Tvöfaldir ferningar




Broddar á Skaphéðin



Tvöfaldir hringir



Reiður köttur



Ferhyrningar

Fleiri sambærilegar æfingar eru á: [italiuskrif.com](http://italiuskrif.com) undir:

- > Kennslugögn
- > Byrjendur
- > Krot 1

Alltaf má útbúa svipaðar æfingar í viðbót og gjarna spyrja börnin hvað þeim fellur í geð.

**K**ROT í upphafi hefur tvo kosti. Annar er að fyrstu kynni af skrift verða tjáning og ánægja. Aga og aðhaldi má bæta við þegar á þeim þarf að halda. Hinn kosturinn er að krotæfingar sýna hvaða börn þurfa á hjálp að halda.

Hér á nemandinn að krotu hár á karlinn og brodda á broddgöltinn með samfelldum stökum. Markmiðið er að vinna hiklaust og í stórum dráttum. Sjá nánar kaflann **Kostir krotæfinga**.


Nota má tréliti við verkið og velja þá af dirfsku. Skeggið þarf ekki að vera í sama lit og hárið og hver karl getur haft mismunandi skegg og hár. Síðasta karlinn og síðasta broddgöltinn má lita áður en hári og broddum er bætt við.

Áður en börnin byrja á æfingunum er rétt að sýna krot og krass á töflu þannig að þau átti sig fyllilega á hreyfingunni. Ekki er úr vegi að þau fái sjálf að krotu á hana.

Þessu er gott að fylgja eftir með annrri æfingu með öguðu kroti. Hana þarf að sækja á vefinn. Slóðin er á spássiunni til vinstri.

Strikin eru stutt og auðveld. Þau eru gerð milli markalína, verða að komast alla leið að þeim en mega ekki fara yfir þær. Hvernig gengur? Sum börn hafa ekki þá handastjórn sem til þarf. Önnur eru kærulaus. Þau þurfa fleiri æfingar. Sumar þeirra gera meiri kröfur en aðrar. Stutt strik eru auðveldari en löng.





### Bls. 3 Hreyfing og krákustígur


**N**ÆSTA skref á langri og skemmtilegri leið er að ná tökum á fínhreyfingu og fingrafimi með krákustígum.

Nemandinn á að spora krákustíga með fingri í fyrstu þremur kössunum. Síðan á hann að skrifa ofan í sömu krákustígana með trélit eða blýanti. Eftir það á barnið að vera fært um að skrifa krákustíga í næstu sex kassa. Gæta þarf þess að:


1. Byrja á svörtum punkti og strika niður á við: skriftarhreyfingin byrjar efst.
2. Niðurstrikin séu beint niður, síðan upp til hægri.
3. Strikin nái niður á neðri línuna og upp að efri línunni.
4. Hafa jafnt bil á milli niðurstrika.

Áður en reynt er við æfinguna getur verið gott að þjálfna krákustígana á skemmtilegan hátt, til dæmis með margbrotnu A4 blaði, þar sem skrifað er milli brota. Sjá nánar í kaflanum **Kostir krotæfinga**.

Æfingarnar snúast ekki síður um verknað en árangur. Kennari þarf að fylgjast með börnunum meðan þau fást við þær. Ef þær gera of miklar kröfur er nóg til af öðrum auðveldari. Æfingin skapar meistarann. Fleiri æfingar bera betri árangur en fáar. Börn sem eru vel undirbúin læra skrift greiðlega. Ekkert þeirra má heltast úr lestinni.




Myndin sýnir margbrotið blað




Fleiri sambærilegar æfingar eru á: [italiuskrif.com](http://italiuskrif.com) undir:

- > Kennslugögn
- > Byrjendur
- > Krot 2


[vefir.nams.is/italiuskrift](http://vefir.nams.is/italiuskrift)  
[italiuskrift.com](http://italiuskrift.com)




## Bls. 4 Krákustigar og handastjörn




Brugðningsverk



Rokokó



Hárgreiður



Ofin motta



Körufvinaður



Sokkar

Fleiri sambærilegar æfingar eru á: [italiuskrif.com](http://italiuskrif.com) undir:  
 > Kennslugögn  
 > Byrjendur  
 > Krot 2

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu: [postur@italiuskrif.com](mailto:postur@italiuskrif.com) og við komum þeim áfram.

**H**ÉR er haldið áfram við þjálfun á finhreyfingum og fingrafimi barnanna. Krákustígarnir eru þaulreyndur undirbúningur fyrir skriftarhreyfingar.

Nemandinn á að spora krákustígana með fingri í fyrstu tveimur greiðunum og síðan skrifa með trélit eða blýanti ofan í þá.

Síðan á hann að skrifa krákustiga í næstu tvær greiður. Ekki er nauðsynlegt að gera hvern þeirra í einni lotu. Sex leggir í senn eru auðveldari.


Reglurnar á blaðsíðu 3 gilda líka um þessa æfingu. Hún getur reynst sumum erfið. Sem betur fer er nóg til af auðveldari afbrigðum; sjá kaflann **Kostir krotæfinga**.

Ekki leggja meira á barnið en það þolir. Ekki má gleyma að gera námið að leik. Munið líka eftir að hrósa því.

Leiðbeiningar um rétt pennagrip eru mikilvægar; sjá nánar kaflana **Pennagrip**, **Skrifkrampi** og **Skrift með vinstri hendi**.

Litaðir finger geta hjálpa börnunum að muna rétt frumgrip á skriffæri. Rétt er að fara yfir fingrasetningu með þeim og benda á hvaða finger halda á skriffærinu.

Þetta er hægt að gera að leik. Þau teikna þá eftir eigin hönd á A4 blað og lita síðan þá finger sem halda um skriffærið. Þumalfinger er blár, visifinger grænn og langatöng rauð.



## Bls. 5 Handastjórn og snúnar krotæfingar

**GÓÐAR** æfingar gera ekki síður kröfur til viðbragða í hugsun en til töluverðrar handastjórnar.


Nemandinn sporar fyrst og strikar síðan (ekki lita eins og í litabók) með vaxlit ofan í mynstrin. Líka er í lagi að nota trélit eða blýant ef börnin óska þess, en vaxliturinn fyllir betur út í formið.

Í fyrri æfingunni, virnetinu, er byrjað efst til vinstri við ávala merkið. Dregið er niður, síðan upp og aftur niður þangað til slóðin fer undir annan vír. Þá er litnum lyft og svo haldið áfram á sama hátt. Litnum er alltaf lyft yfir vír. Við þessa æfingu mega börnin nota mismunandi lit í hverja línu ef þau vilja.

Í seinni æfingunni eru fleiri hreyfingar þjálfaðar. Þá þarf að fara til hægri, síðan niður til vinstri, aftur til hægri, upp og niður o.s.frv.

Áður en nemendur spreyta sig á þessum æfingum er mikilvægt að kennari fari yfir hugtökin með þeim: niður, upp, hægri og vinstri. Ekki er víst að öll börnin átti sig á þeim hjálparlaust.

Sjá einnig kaflann **Kostir krotæfinga**.



Brotamynstur

Eldspýtur 1

Eldspýtur 2

Netgirðing


Pípulögn

Eldspýtur 3

Fleiri sambærilegar æfingar eru á: [italiuskrif.com](http://italiuskrif.com) undir:

- > Kennslugögn
- > Byrjendur
- > Krot 1


<[vefir.nams.is/italiuskrift](http://vefir.nams.is/italiuskrift)>  
<[italiuskrift.com](http://italiuskrift.com)>




## Bls. 6 Krákustígar og meiri handastjórn



Brugðningsverk



Rokokó



Hárgreiður



Ofin motta



Körfuvefnaður



Sokkar

Fleiri sambærilegar æfingar eru á: [italiuskrif.com](http://italiuskrif.com) undir:

- > Kennslugögn
- > Byrjendur
- > Krot 2

Þessi æfing er svipuð fyrri æfingu sem fékkst við að teikna tennur í greiðu. Hún er ekki eins auðveld: í neðri sagnarblöðunum eru ekki hjálparlínur.

Nemandinn á að spora með fingri krákustíga sem hér mynda blöð í efri sögunum tveimur og síðan skrifa með trélit eða blýanti ofan í þá.

Síðan á hann að gera sagartennur með því að skrifa krákustíga á næstu tvær sagir. Gæta þarf þess að:


1. Byrja á svörtum punkti og strika niður á við: skriftarhreyfingin byrjar efst.
2. Niðurstrikin séu beint niður, síðan upp til hægri.
3. Hafa jafnt bil á milli niðurstrika.

Áður en byrjað er á æfingunni er ekki úr vegi að minna börnin á hvernig krákustígur er gerður: niður, upp til hægri, aftur niður og svo framvegis.

Niðurstrikinu má líkja við girðingu. Allir rimlarnir eru beinir, bilin milli þeirra jöfn og allir hallast jafnt. Ekki má krákustígur heldur líkjast fjöllum.

Gott er að leyfa börnunum að spreyta sig á að teikna krákustíga á töflu. Það ráð bregst sjaldan að láta börnin loka augunum og draga svo strik beint niður. Flest ráða við það.

Mikilvægt er að leiðbeina um rétt pennagrip.



## Bls. 7 Handastjórn með mynduræfingum

**G**OTT er að kennari fari í byrjun yfir hugtökin niður, upp, hægri og vinstri með börnunum.


Nemandinn sporar fyrst og strikar síðan (ekki lita) með vaxlit ofan í myndstrin. Eins er í lagi að nota trélit eða blýant ef börnin óska þess en vaxliturinn fyllir betur út í formið.

Í fyrri æfingunni, pípulögninni, er byrjað efst til vinstri við ávala merkið. Liturinn er dreginn hægt eftir rörinu allt til enda.

Seinni æfingin þjálfar fleiri hreyfingar. Í henni þarf að fara niður, lyfta litnum þegar komið er að fyrirstöðu og halda svo áfram hinum megin við hana niður á við, fara til vinstri, upp og til hægri. Litnum er ævinlega lyft yfir fyrirstöður og þannig haldið áfram til enda.

Í fyrri æfingunni eru mjúkar bogalínur. Í þeirri seinni eru allar línur beinar og hornhvassar.

Sjá einnig kaflann **Kostir krotæfinga**.




Fleiri sambærilegar æfingar eru á: [italiuskrif.com](http://italiuskrif.com) undir:


- > Kennslugögn
- > Byrjendur
- > Beinar línur 1

<[vefir.nams.is/italiuskrift](http://vefir.nams.is/italiuskrift)>  
<[italiuskrif.com](http://italiuskrif.com)>





## Bls. 8 Hringform æfð í glerkrukku




Tiglar




Sexstrendingar




Bólur



Kálukrukka



Bugðuspor



Freknur

Fleiri sambærilegar æfingar eru á: [italiuskrif.com](http://italiuskrif.com) undir:  
 > Kennslugögn  
 > Byrjendur  
 > Boglinur 1

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu: [postur@italiuskrif.com](mailto:postur@italiuskrif.com) og við komum þeim áfram.

**H**RINGUR getur hvorki verið meira en hringur né minna en hringur í lögun. Annaðhvort er hann hringur eða ekki. Það kallast hreint form.


Strangt til tekið eru boglinur Ítaliuskriftar ekki sporöskjur. Sennilega má kalla þær ávalar, þótt ekki fari það alltaf vel á tungu. Lögun stafsins o í Ítaliuskrift er „yfirsporaugur“ (e: superellipse) en það orð tíðkast enn ekki í grunnskólum.

Nemandinn á að teikna margar hringi í krukurnar. Til þess að fylla þær af kúlum getur hann litað þá á eftir. Gæta þarf þess að:

- Byrja alltaf efst á hring, aldrei neðst.
- Skrifa til vinstri og niður (rangsælis), svo til hægri og upp á við þangað til hringnum er lokað.

Ung börn átta sig kannski ekki alveg á muninum á sporöskju og hring, hvað þá flóknari hugtökum. Í byrjun skiptir langmestu máli að skrifa hringformið með rétttri slóð. Orðið rangsælis getur vafist fyrir börnum. Gott er að kennari sýni á töflu hvernig dregið er til stafs.

Áður en farið er í þessa æfingu er gott að þjálfra hringformið á ýmsan hátt, meðal annars með fleiri æfingum. Eins og áður geta börnin spreytt sig á að teikna stóra hringi á töfluna. Líka getur verið gaman að mála stóra hringi á stórt blað.



## Bls. 9 Bugður til handstyrktar


**V**INSTRI æfingin er nostursvinna. Flest börn gera hana í ró og spekt. Við þá hægri þarf að minna þau á að flýta sér ekki.

Nemandinn á að spora fyrst og strika síðan ofan í slóðirnar með vaxlit. Eins má hann nota trélit eða blýant ef hann kærir sig um en vaxliturinn fyllir betur út í línurnar.

Í fyrri æfingunni er byrjað efst til vinstri við ávala merkið. Liturinn er dreginn til hægri og svo til baka og niður að fyrirstöðu. Litnum er lyft yfir hana og strikinu haldið áfram eins og guli liturinn í mynstrinu sýnir. Sama hreyfingin er endurtekin alla æfinguna og litnum er alltaf lyft yfir fyrirstöður. Börnin geta notað mismunandi lit í hverja línu.

Í seinni æfingunni fylgir nemandinn slóðinni en þarf ekki að lyfta litnum. Hreyfingin er ekki alltaf sú sama heldur sitt á hvað, niður, hægri, vinstri og upp.


Sjá einnig kaflann **Kostir krotæfinga**.



Fleiri sambærilegar æfingar eru á: [italiuskrif.com](http://italiuskrif.com) undir:

- > Kennslugögn
- > Byrjendur
- > Boglinur 2

[vefir.nams.is/italiuskrift](http://vefir.nams.is/italiuskrift)  
[italiuskrif.com](http://italiuskrif.com)



## Bls. 10 Handastjórn með punktamynd

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu:

***postur@italiuskrift.com***

og við komum þeim áfram.

**E**FTIR krefjandi verkefni framar í bókinni lýkur krotæfingunum með slöngu. Hún er leikur fyrir hvern sem er.

Nemandur eiga að draga línur milli punktanna. Hver má gera það eftir sínu höfði. Sama punktamynd getur orðið mjög mismunandi í útliti. Gaman getur verið þegar bekkjarfélagar bera saman árangurinn.

### **Mikilvægt er að leiðbeina um rétt pennagrip.**

Á bls. 30 í seinni bókinni 1B er erfiðari æfing með sömu slöngu en færri punktum. Löng strik eru erfiðari en stutt.

Sjá einnig kaflann ***Kostir krotæfinga.***

Alltaf má gera svipaðar æfingar og jafnvel biðja börnin um uppástungur. Þau geta auðveldlega búið til sínar eigin punktamyndir. Hvað dettur þeim í hug?



## Bls. 11 Nú er komið að því að skrifa stafina

**T**EXTI í sex blaðagreinum og þjóðsögunni Búkollu skiptist svona. Hástafir voru 2.3%, tölur, greinarmerki og orðabil 20.2%, og lágstafir 77.5%. Við leggjum megináherslu á þá. (Auðvitað komum við líka að hástöfum, tölum og greinarmerkjum síðar.)

Til að auðvelda börnunum námið skiptast lágstafir með sama svipmóti í fjölskyldur sem hver hefur sinn lit.


Fyrst er a-fjölskyldan kennd, þá b, o, l og x. Gott er að kennari hafi kynnt sér leiðbeiningarnar fyrir hverja fjölskyldu áður en kennslan hefst.

Sjá kaflana *Úr krákustig í skrift, Lágstafir / litlir stafir* og *Úr frumformum í skrift, Hástafir / stórir stafir*.

Áður en byrjað er að kenna a-fjölskylduna þarf að kynna allar fjölskyldurnar fyrir börnunum. Þau geta skoðað þessa blaðsíðu og farið yfir hana með kennaranum. Þá skilja þau flokkunina og vita við hverju er að búast.

Sum börn keppast við að ljúka æfingum eins fljótt og þau geta. Þau læra lítið af því. Í hverjum skriftartíma þarf helst að minna bekkinn á flýta sér ekki.

Allaf er gott þegar námið verður að leik með börnunum.



## Bls. 12 a-fjölskyldan kynnt og kennd

Stafirnir í a-fjölskyldunni eru a, d, g, q, u og y. Allir hafa svipaða slóð. Þeir eru gulir á litinn.

Kennari þarf að ganga úr skugga um að börnin byrji og endi hvern staf á réttum stað og skrifi hann tilskilda slóð.

Sjá kaflana **Úr krákustíg í skrift, Lágstafir / litlir stafir** og **Úr frumformum í skrift, Hástafir / stórir stafir**.

Sjáið einnig kaflana **Pennagrip** og **Skript með vinstri hendi** og munið að mikilvægt er að leiðbeina um rétt pennagrip til þess að koma í veg fyrir skrifkrampa.

**KRÁKUSTÍGAR** eru undirstaða skriftarinnar og hreyfinganna sem hana mynda. Þeir halda jöfnum takti og stafabilum, halla og stærð.

Yfir- og undirleggir myndast þegar teygt er úr sumum dráttunum. Með láréttum dráttum, sem hér eru rauðir svo þeir sjáist betur, er kominn stafarammi. Með því að skrifa ofan í strikin og mýkja formin erum við farin að skrifa.

Þegar tengt er í stafina a, d, g og q er byrjað á belgnum ofanverðum og þá farið frá vinstri til hægri. Við byrjunarpunkt nemur drátturinn staðar og fer sömu leið til baka. Þetta köllum við snúning. Hann er sýndur með ör fyrir ofan stafinn a til vinstri á síðunni.

Sjá betur kaflann **a-fjölskyldan**.

Nemandinn á að spora ofan í krákustígana og stafina á þessari blaðsíðu. Gott er að gera það nokkrum sinnum.

Ítalíuskrift hallast um rúmar þrjár gráður. Börnum sem vilja skrifa með meiri halla má leyfa það. Örvhent börn mega hafa hana upprétta og jafnvel láta hana hallast til vinstri. Hreyfingakerfið stendur óhaggað.

Best er að börnin snúi blöðum og stílabókum þannig að hallinn samræmist þægilegum hreyfingum.





### Bls. 13 Stafbelgur a-fjölskyldu

**S**TÍLFÆRÐAR bringufjaðrir má nota til þess að æfa stafbelgi a-fjölskyldunnar og snúning á þeim þegar drátturinn nemur staðar og fer sömu leið til baka.

Nemandinn á fyrst að spora belgina nokkrum sinnum og síðan skrifa ofan í þá. Kennarinn þarf að fylgjast vel með að farin sé rétt leið. Aðalhættan á mistökum er við snúninginn, drátt sem nemur staðar og fer sömu leið til baka.

Þessa æfingu, eins og fleiri, má stækka og leyfa nemendum að strika belgina með pensli og málningu. Eins geta þeir komið upp að töflu og strikað belginn með breiðum filtpenna. Þá geta nemendur metið stafbelg hver annars og þannig lært hver af öðrum: hvað er gert rétt og hvað gert er rangt.

- Fara þau rétta leið?
- Hallast skálinan of mikið eða of lítið?
- Fer leggurinn beint niður eða of mikið til vinstri eða hægri?
- Hallast lárétti drátturinn of mikið eða of lítið?
- Og hvar eiga bogalínurnar að lenda á belgnum?

Nemendum finnst yfirleitt gaman að vinna verkið í sameiningu. Einum tíma er vel varið í það. Þeir átta sig betur á löguninni. Stafirnir lærast fyrr.




Breiðpenni sem myndar feita drætti og granna getur gert Ítalíuskrift að listaverki. Skrautskrifarar nota hana meira en nokkra aðra stiltegund. Hjá okkur eru allir drættir jafnbreiðir. Þeir taka mið af blýantsstrikum hjá byrjendum.

Seinna komum við að notkun á breiðpenna.

Þjóðið börnunum að stinga upp á æfingum og deilið þeim með öðrum. Sendið okkur endilega línu:

***postur@italiuskrift.com***

<vefir.nams.is/italiuskrift>  
<italiuskrift.com>



## Bls. 14 Stafbelgur a-fjölskyldu

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu:

**[postur@italiuskrift.com](mailto:postur@italiuskrift.com)**

og við komum þeim áleiðis.

**ÝMSIR** kostir fylgja þegar námið verður að leik. Hér er önnur æfing sem fæst við stafbelg a-fjölskyldunnar.


Nemandinn á að strika ofan í útlinustafina, stóru a-in, og gæta þess að byrja á réttum stað. Slóðin er sýnd vinstra megin við stafina.

Næst skrifar nemandinn ofan í ljósa a-ið í öðrum kassanum frá vinstri og skrifa síðan a í hina kassana. Svartir punktar sýna hvar á að byrja. Auga og munnur í kössunum er sett til gamans til þess að leggja áherslu á að stafbelgurinn er sá sami og í b-fjölskyldunni en snúinn í hálfhring. Þar sem stafirnir eru mjög stórir er þjóðráð að nota vaxliti.

Mynd merkt Rangt á vinstri hluta síðunnar sýnir mismunandi bil og ójafnan halla. Mynd merkt Rétt sýnir rétt bil og jafnan halla. Augljóst er að þar er skriftin áferðarfallegri og læsilegri.

**Mikilvægt er að leiðbeina um rétt pennagrip.**

Sjá betur kaflann ***a-fjölskyldan*** á [vefir.nams.is/italiuskrift](http://vefir.nams.is/italiuskrift)



## Bls.15 Skriftarhreyfingin æfð

**L**ETURFORM Ítaliuskraftar eru byggð á auðveldum skriftarhreyfingum. Þær eru ekki síður mikilvægar en stafirnir sjálfir.


Börninn verða að læra skrift sem þolir hraða til þess að geta notað hana við nám. Til þess þurfa þau að æfa undirstöðuhreyfingar og að tengja stafina saman frá upphafi. Það sem fengist er við frá byrjun verður tamt og sjálfsagt. Með frekari æfingu er hægt að flýta sér en skrifa þó læsilega. Skrift er hreyfing, dans pennans á blaðinu. Hún er öllu meira en teikningar af kyrrstæðum, ótengdum stöfum í röð.

Nemandinn á fyrst að spora krákustígana og síðan ofan í stafina á krákustígunum. Hér er enn og aftur verið að ítreka krákustígana sem undirstöðu.

Næst skrifar hann ofan í ljósu stafina (adg) og svo sömu stafi í auðu bilin. Kostur er að hafa sporað þá áður en þeir eru skrifaðir.

Kennari þarf að gæta þess vel að börnin dragi rétt til stafanna. Stafaslóðin er sýnd til vinstri á síðunni. Þar sést líka snúningur stafanna a, d, g, dráttur sem nemur staðar og fer sömu leið til baka til þess að tengja í næsta staf.

Fyrirmynd réttthentra barna er vinstra megin. Hægra megin, yst á línunni er önnur fyrir örvhenta. Allir byrja að skrifa á sama stað, a-inu lengst til vinstri.




### Erfiður stafur?

Börn byrja oft á röngum stað þegar þau skrifa lítið d. Fylgjast þarf vel með að þau byrji og endi stafinn á réttum stöðum og fari eftir tilskilinni slóð.

Sjá betur kaflann **a-fjölskyldan**.

Sum börn keppast við að ljúka æfingum eins fljótt og þau geta. Þau læra lítið af því. Í hverjum skriftartíma þarf helst að minna bekkinn á flýta sér ekki.



## Bls. 16 Leikur með deplastafi

Fleiri æfingar á:  
<italiuskrift.com>

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu:  
**postur@italiuskrift.com**  
og við komum þeim áfram.

**T**ENGDIR deplar í réttri röð mynda stafi og kenna rétta slóð. Hér er enn leikið sér að letri.

Nemandinn á að spora fyrsta stafinn, sem er a, með því að fylgja tölustöfum. Næst er stafurinn skrifaður með vaxlit á sama hátt.

Þá sporar hann hinar talnarunurnar með fingri, finnur stafina einn af öðrum, d, g, q, u, y og skrifar þá svo með vaxlit.

Með því að spora fyrst og jafnvel oftár en einu sinni þekkir nemandinn slóðina og dregur til stafs af meiri vissu og öryggi. Þar sem stafirnir eru stórir gefst kostur á að nota vaxlit. Ekkert mælir þó móti því að nota blýant fyrst ef nemandinn vill.

Hægt er að stækka þessa síðu með ljósritun og leyfa börnunum að leika sér að stöfunum í mismunandi stærðum og með mismunandi skriffærum.

Vinstra megin á síðunni er sýnt hvernig a-ið á að vera og hvernig ekki. Nauðsynlegt er að kennari útskýri þessar myndir til þess að börnin átti sig á þeim.

Sjá betur kaflann *a-fjölskyldan*.

**Munið að leiðbeina um rétt pennagrip.**



## Bls. 17 Stafirnir a A og á Á æfðir

**H**ÉR eru æfðir lágstafirnir a og á (litlir) og hástafirnir A og Á (stórir).

Börnin eiga að skrifa ofan í ljósa krákustíginn sem bogadregin skálina breytti í þrjú u. Þegar þau hafa lært að gera stafinn u úr krákustíg er a-fjölskyldan komin hálf leið. Stafurinn a myndast við að u-inu er lokað að ofan með þverstriki.

Nemandinn skrifar fyrst ofan í a-in þrjú sem eru tengd. Við tengingu þarf að gæta þess að snúningurinn sé réttur (þegar drátturinn nemur staðar og fer sömu leið til baka).

Næst skrifar nemandinn ofan í stafinn A, svo litla a-ið og á sama hátt ofan í bæði á-in. Gætið þess vel að rétt sé dregið til stafanna. Stafaslóðir eru sýndar á vinstri spássíu. Gætið þess einnig að þau byrji neðst og dragi upp á við þegar þau skrifa brodda. Best er að hafa þá nokkurn veginn yfir miðjum stöfum. Hallinn á þeim ræðst af eðlilegri sveifluhreyfingu hægri handar.

Broddurinn sem gerir stafinn A að Á er hljóðtákn. Komma er hins vegar greinarmerki. Nánar er fengist við að æfa broddstafi í næstu bók, 1B Ítalíuskrift.

Síðan skrifar nemandinn ofan í ljósu stafina Aaaa. Að lokum skrifar hann ofan í orðið Auga, skrifar Auga í auða bilið með byrjunarpunkta til aðstoðar og endar á að skrifa ofan í seinna orðið Auga.

Dökkir stafir eru fyrirmyndir. Ljósir stafir eru það líka en þá á að skrifa ofan í. (Ekki er reyndar bannað að skrifa ofan í þá dökku ef börnin kæra sig um.)

Dökkir stafir til vinstri eru fyrirmyndir handa réttthentum, dökkir stafir lengst til hægri eru fyrirmyndir handa örvhentum.

Þegar stórir stafir eru skrifaðir fara örvhentir eftir fyrirmyndinni Aa en réttthentir eftir Áá.

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:


- Hvern og einn staf
- Tengingar stafanna

Sjá betur kaflana:

- **a-fjölskyldan**  
(Ath. þessi kafli er hluti úr kaflanum hér fyrir neðan Úr krákustíg ...)
- **Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir**
- **Úr frumformum í skrift Hástafir / stórir stafir**

<vefir.nams.is/italiuskrift>  
<italiuskrift.com>





## Bls. 18 Línur til halds og trausts

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu:

**[postur@italiuskrift.com](mailto:postur@italiuskrift.com)**

og við komum þeim áfram.

**H**JÁLPARLÍNUR sýna hvar stafdrættir enda og hversu langt þeir þurfa að ná. Táknin sól, ský, flugvél, bátur og kafbátur minna á stærð og staðsetningu stafanna.



Hjálparlínur veita börnunum stuðning í byrjun þegar þau eru að átta sig á hlutföllum og stærð stafanna. Grunnlínan ein veitir sjaldan nægan stuðning. Byrjendum hættir til að láta undirleggi sitja á henni í stað þess að fara niður fyrir hana. Til dæmis skrifa þeir oft „unGi“ í stað „ungi“.

Í byrjun námsins þarf nemandinn að átta sig á samspili stafanna, ekki síður en lögum þeirra. Hversu hátt rísa yfirleggir? Hversu langt niður teygja undirleggir sig? Og allir stafirnir sitja á grunnlínunni nema stafirnir f og j.

Það sem nemendur læra í upphafi verður þeim tamt. Með aukinni æfingu og meiri færni geta þeir smátt og smátt sleppt hjálparlínunum.

Hér á nemandinn fyrst að spora stafina og skrifa svo ofan í ljósu stafina.

Áður en börnin byrja á þessari blaðsíðu þarf kennarinn að fara rækilega yfir línur og línutákn með þeim. Ef heppnin er með getur stærð stafanna, hlutföll þeirra og staðsetning orðið að skemmtilegum leik.



### Vandræðagripur?

Börn byrja oft á röngum stað þegar þau skrifa lítið d. Fylgjast þarf vel með að þau byrji og endi stafinn á réttum stöðum.

## Bls. 19 Stafurinn d æfður

**S**VONA er farið að við að temja sér lágstafinn d og hástafinn D.

Börnin eiga að skrifa ofan í ljósa krákustíginn sem bogadregin skálína breytti í þrjú u. Þegar þau hafa lært að gera stafinn u úr krákustíg er a-fjölskyldan komin hálf leið, eins og áður kom fram. Stafurinn a myndast við að u-inu er lokað að ofan með þverstriki, Stafurinn d myndast við að yfirlegg er bætt á stafinn a.

Næst skrifar nemandinn ofan í d-in þrjú sem eru tengd. Þegar tengt er úr einu þeirra í annað þarf aðgát við snúninginn (þegar dráttur nemur staðar og fer sömu leið til baka).

Gæta þarf vel að því að börnin dragi rétt til stafsins d. Hann getur vafist illa fyrir sumum. Eins og áður eru stafaslóðir sýndar á vinstri spássíu.

Eftir það skrifar nemandinn ofan í stóra D og litla d og síðan ofan í ljósu stafina Ddd. Í neðstu línu skrifar hann ofan í orðið Daga. Því næst skrifar hann Daga í auða bilið og hefur byrjunarpunktana til aðstoðar. Á endanum skrifar hann ofan í seinna orðið Daga.

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- Hvern og einn staf
- Tengingar stafanna

Sjá betur kaflana:



- **a-fjölskyldan**  
(Ath. þessi kafli er hluti úr kaflanum hér fyrir neðan)
- **Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir**
- **Úr frumformum í skrift Hástafir / stórir stafir**

<vefir.nams.is/italiuskrift>  
<italiuskrift.com>

Grunnlína


Allir stafir sitja eða standa á sömu línu sem við köllum grunnlínu.

😊 Rétt


Aa Aa Aa Aa


---

😞 Rangt

Aa Aa Aa Aa


Skriftnin verður ekki falleg ef stafirnir hoppa upp og niður af grunnlínunni.

20

## Bls. 20 Grunnlína

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum að leik, sendið okkur línu:

***postur@italiuskrift.com***

og við komum þeim áfram.

**M**IKILVÆGASTU hjálparlínuna köllum við grunnlínu. Tákn hennar er skip. Aðrar línur eru fyrir ofan sjávarmál og ein neðansjávar.

Allir stafir nema f sitja eða standa á grunnlínunni. Skrift sem hoppar fyrir ofan hana og neðan er sjaldan hægt að kalla áferðarfallega. Flestir lesa útlínur kunnuglegra orða fremur en staf fyrir staf. Þær brenglast ef stafirnir fylgja ekki grunnlínu.

Áður en nemendur vinna þessa blaðsíðu þarf kennari að ganga úr skugga um að börnin skilji tilgang grunnlínunnar. Sem oftast má gera leik úr því, til dæmis svona: Börnin leika hástafina með því að standa uppi á borðum sem raðað hefur verið saman. Þau mynda þá grunnlínu sem allir reiða sig á. Börn sem enn standa á gólfinu eru fyrir neðan grunnlínu. Það er ótækt.

Nemandinn á að skrifa ofan í ljósgulu stafina sem sitja á grunnlínunni. Svo má hann lita neðra skipið ef honum sýnist.



## Bls. 21 Stafirnir g G og q æfðir

**H**ÉR æfa nemendur lágstafina g og q (litla) og hástafina G og Q (stóra).

Börnin eiga að skrifa ofan í ljósa krákustíginn sem bogadregin skálina breytti í þrjú u. Þegar þau hafa lært að gera stafinn u úr krákustíg er a-fjölskyldan komin hálf leið eins og fyrr er getið. Stafurinn a myndast við að u-inu er lokað að ofan með þverstriki og stafirnir g og q þegar undirleggur bætist við í stað tengikróks.

Næst skrifar nemandinn ofan í tengdu stafina a, d, g. Minna þarf á aðgát við snúninginn, þegar drátturinn nemur staðar og fer sömu leið til baka.

Þá skrifar nemandinn ofan í stóra G og litla g og á sama hátt ofan í stafina Q og q. Gæta þarf vel að því að börnin dragi rétt til stafs. Það getur vafist illa fyrir sumum. Eins og áður eru stafaslóðir sýndar á vinstri spássíu.

Því næst skrifar nemandinn ofan í ljósu stafina Ggg. Athugið að hvorki er tengt úr litla g né litla q.

Að lokum og í neðstu línu skrifar nemandinn ofan í orðið Gagg. Því næst skrifar hann Gagg í auða bilið og hefur byrjunarpunktana til aðstoðar. Síðast skrifar hann ofan í seinna orðið Gagg.

Athugið að hér er einungis tenging milli stafanna a og g, ekki á milli g og g þar sem ekki er tengt úr g-inu.

Oft þarf að útskýra undirleggi stafanna g og y í þaula.

Farið betur yfir með nemendum upp við töflu:

- Hvern og einn staf
- Tengingar stafanna

Sjá betur kaflana:

- **a-fjölskyldan**  
(Ath. þessi kafli er hluti úr kaflanum hér fyrir neðan Úr krákustíg ...)
- **Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir**
- **Úr frumformum í skrift Hástafir / stórir stafir**

Byrjendur tengja ekki úr undirleggjum. Þeir sem lengra eru komnir og farnir að skrifa hratt geta gert það.

Sjá betur kaflann **Undirstaða**.



## Bls. 22 Undirlína

Hugmynd að leik: Börnin geta setið uppi á borðum sem raðað er saman. Þá eru börnin tákni litlu stafanna og borðin grunnlínan. Stólar fyrir framan borðin tákna undirlínu. Börnin setja fætuna á þá, eins og undirleggi sem ná niður að undirlínu.

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu:  
**[postur@italiuskrift.com](mailto:postur@italiuskrift.com)**  
og við komum þeim áfram.

**F**YRIR neðan grunnlínu er önnur sem kölluð er undirlína. Tákn hennar er kabátur, sem minnir á að undirleggirnir ná lengra niður en aðrar drættir, niður fyrir grunnlínu og alla leið að undirlínunni.

Nemandinn á að skrifa ofan í ljósu gulu stafina g og y, sem sitja á grunnlínunni og eru með undirleggi sem ná niður að undirlínu. Svo má hann lita stærsta kabátinn ef hann vill.

Einn af lykilþáttum áferðarfallegrar skriftar er að halda sama svipmóti. Stafirnir sitja á sömu línu. Undirleggirnir ná alla leið niður að undirlínunni en fara ekki yfir hana.

Reglubundin skrift auðveldar lestur.

Áður en nemendur fást við þessa blaðsíðu þarf kennari að útskýra tilgang grunn- og undirlínunnar. Börnin verða að vita hvað undirleggir eru og hversu langt niður á að skrifa þá.





## Bls. 23 Stafirnir u og ú Ú

**H**ÉR æfa nemendur lágstafina u og ú (litla) og hástafina U og Ú (stóra).

Börnin eiga að skrifa ofan í ljósa krákustíginn sem bogadregin skálína breytti í þrjú u. Þegar þau hafa lært að gera stafinn u úr krákustíg er a-fjölskyldan komin hálf leið. Stafurinn a myndast við að u-inu er lokað að ofan með þverstriki og stafurinn d þegar yfirlegg er bætt á hann.

Svo skrifar nemandinn ofan í tengdu stafina u, d, ú og gefur snúningi sérstakan gaum þegar dráttur nemur staðar og fer sömu leið til baka.

Næst skrifar nemandinn ofan í stóra U-ið og svo litla u-ið og á sama hátt ofan í ú-in. Gætið þess vel að nemendur dragi rétt til stafanna; stafaslóðir eru sýndar á vinstri spássíu.

Gætið þess einnig að börnin byrji neðst og dragi upp á við þegar þau skrifa brodda. Best er að hafa þá nokkurn veginn yfir miðjum stöfum. Hallinn á þeim ræðst af eðlilegri sveifluhreyfingu hægri handar.

Broddurinn sem gerir stafinn U að Ú er hljóðtákn. Komma er hins vegar greinarmerki. Nánar er fengist við að æfa broddstafi í næstu bók, 1B Ítaliúskrift.

Þessu næst skrifar nemandinn ofan í ljósu stafina Uuu og Úúú.

Í neðstu línu skrifar nemandinn ofan í orðið Ugga. Því næst skrifar hann Ugga í auða bilið með byrjunarpunktana sér til aðstoðar. Að lokum skrifar hann ofan í seinna orðið Ugga. Athugið að í orðinu er engin tenging þar sem ekki er tengt úr stafnum g.

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- Hvern og einn staf
- Tengingar stafanna


Sjá betur kaflana:

- **a-fjölskyldan**  
(Ath. þessi kafli er hluti úr kaflanum hér fyrir neðan Úr krákustíg ...)
- **Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir**
- **Úr frumformum í skrift Hástafir / stórir stafir**

Þegar hingað er komið ættu nemendur að hafa náð tókum á að skrifa stafinn u tengdan.

En undirleggurinn á g getur enn vafist fyrir sumum þeirra.

<vefir.nams.is/italiuskrift>  
<italiuskrift.com>



## Bls. 24 Miðlína

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu:

**[postur@italiuskrift.com](mailto:postur@italiuskrift.com)**

og við komum þeim áfram.


**H**JÁLPARLÍNAN sem kölluð er miðlína afmarkar hæð þeirra lágstafa sem ekki hafa yfirlegg. Hún er í miðju þeirra fimm hjálparlína sem notaðar eru í kennslunni. Tákn hennar er flugvél.

Í prentverki er hún nefnd x-hæð en í skriftarbókum segjum við að stafirnir ná upp að miðlinu.

Einn af lykilþáttum áferðarfallegrar skriftar er að stafirnir sitja á sömu línu og að hæð litlu stafanna er sú sama. Jafnvægi skiptir máli.

Nemandinn á að skrifa ofan í ljósgulu stafina sem mynda au. Þeir sitja á grunnlínunni og ná upp að miðlinu.

Áður en nemandur fást við þessa blaðsíðu þarf kennari að ganga úr skugga um að börnin skilji hvernig grunn- og miðlínur afmarka hæð stafanna.



## Bls. 25 Stafirnir y og ý Y

**S**VONA æfa nemendur lágstafina y og ý (litla) og hástafina Y og Ý (stóra).

Fyrst eiga börnin að skrifa ofan í ljósa krákustiginn sem bogadregin skálina breytti í þrjú u. Þegar þau hafa lært að gera stafinn u úr krákustig er a-fjölskyldan komin hálfa leið. Stafurinn y myndast þegar stafnum u lýkur með undirlegg í stað tengikróks.

Næst skrifar nemandinn ofan í tengdu stafina u, d, y og gefur snúningnum sérstakan gaum þegar drátturinn í stafnum d nemur staðar og fer sömu leið til baka.

Þá skrifar nemandinn ofan í stóra Y-ið og litla y-ið og síðan ofan í stóra Ý og litla ý á sama hátt. Gætið þess vel að nemendur dragi rétt til stafanna; stafaslóðir eru sýndar á vinstri spássíu.

Eftir það skrifar nemandinn ofan í ljósu stafina Yyy og Ýýý. Hann má líka skrifa ofan í fyrirmyndirnar ef hann kærir sig um. Rétt er að minna á að hvorki er tengt úr y né ý.

Í neðstu línu skrifar nemandinn ofan í orðið Ydda. Því næst skrifar hann Ydda í auða bilið og hefur byrjunarpunktana til aðstoðar. Á endanum skrifar hann ofan í seinna orðið Ydda.

Gott er að útskýra undirleggi stafanna g og y nákvæmlega fyrir nemendum.

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- Hvern og einn staf
- Tengingar stafanna

Sjá betur kaflana:

- **a-fjölskyldan**  
(Ath. þessi kafli er hluti úr kaflanum hér fyrir neðan)
- **Úr krákustig í skrift, lágstafir / litlir stafir**
- **Úr frumformum í skrift hástafir / stórir stafir**

Skrifaðu með stöfum úr a-fjölskyldunni

Skrifaðu fyrst ofan í nöfnin. Skrifaðu síðan sömu nöfnin í auðu línuna á eftir. Gastu að stærð stafanna og halla.

Adda Gugga Dadda

Adda Gugga Dadda

Skoðuðu nú vel það sem þú hefur skrifað. Eru stafirnir í réttri stærð og halla þeir allir eins?

😊 ☹️

26

## Bls. 26 Skrifað með stöfum úr a-fjölskyldu

Kennari þarf að fylgjast vel með hvernig nemendur fara að. Þeim sem mistekst þarf að hjálpa strax svo þeir venjast ekki á rangar aðferðir.

Róleg tónlist án söngs getur myndað þægilegar aðstæður fyrir skriftaræfingar.

Ekki er heppilegt að lesa sögur fyrir börnin meðan þau vinna. Þá getur athyglin hvarflað frá skriftinni að sögunni.

Mikilvægt er að nemandinn finni ekki fyrir tímaþröng og geti æft sig í ró og næði. Best er að námið sé til ánægju og skemmtunar þegar við verður komið.

Munið eftir að hrósa barninu þegar vel gengur.

**N**EMENDUR byrja hér að skrifa með stöfum úr a-fjölskyldunni nöfnin Adda, Gugga, Dadda.


**Skrifkrampi er alvarlegt vandamál. Honum má afstýra með því að slaka á og halda skynsamlega á blýantinum. Á þessu þarf að taka strax í byrjun.**

Nemandinn á að skrifa ofan í nöfnin í fyrstu tveimur línunum og síðan skrifa þau í neðstu línuna. Þar eru byrjunarpunktur og skáhallar línur til hjálpar. Grunnlínan er græn og á henni standa stafirnir og sitja.

Þegar nemandinn hefur lokið við síðuna er mjög gagnlegt að hann skoði nákvæmlega það sem hann skrifaði. Eru stafirnir í réttri stærð? Hallast þeir jafnt? Eru bilin milli stafleggja jöfn? Er hann ánægður með afraksturinn? Eða þarf að skoða eitthvað betur og laga?

Bros- og fýlukarl má nota við sjálfsmatið. Kennarinn þarf að fara yfir gallana sem nemandinn fann sjálfur og gefa honum góð ráð um lagfæringar.

Hægt er að nálgast fleiri byrjunaræfingar og matsblað, sem kennarar geta haft til hliðsjónar þegar þeir fara yfir skrift: [italiuskrift.com](http://italiuskrift.com)



## Bls. 27 Stafbelgurinn snýst við

**H**ÉR og á næstu síðum eru kynntir stafir sem mynda fjólubláu b-fjölskylduna. Þessi síða býr nemendum undir að læra hana.

Stafbelgurinn er sá sami og í a-fjölskyldunni, nema hann hefur snúist 180 gráður. Stafirnir í þessari fjölskyldu eru b, p, þ, m, n, h, k, r. Allir hafa svipaða slóð.

Hér er þetta gert að leik sem sýnir hvernig belgurinn snýst við. Til áréttingar hafa auga og munnur verið sett á hann.

Stafrófið er leikur að fáeinum formum sem eru endurtekin með smávegis afbrigðum. Þegar börnin átta sig á þessu er auðveldara fyrir þau að læra stafina. Til dæmis verður q að b þegar því er snúið 180 gráður. Eins og margt annað má gera þetta að leik með börnunum.

Neðst á síðunni á nemandinn að draga línu milli tölusettra depla: byrja á einum og halda áfram upp í ellefu.


Sjá betur kaflana:

- **b-fjölskyldan**  
(Ath. þessi kafli er hluti úr kaflanum hér fyrir neðan)
- **Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir**
- **Úr frumformum í skrift Hástafir / stórir stafir**

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu:

**[postur@italiuskrift.com](mailto:postur@italiuskrift.com)**  
og við komum þeim áfram.

<[vefir.nams.is/italiuskrift](http://vefir.nams.is/italiuskrift)>  
<[italiuskrift.com](http://italiuskrift.com)>



## Bls. 28 b-fjölskyldan kynnt og kennd

Farið betur í hvern og einn staf upp við töflu með nemendum og tengingar.

Sjá kaflana:

- **Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir**
- **Úr frumformum í skrift Hástafir / stórir stafir**

Sjá betur kaflana:

- **Skript með vinstri hendi**
- **Undirstaða**
- **Pennagrip**

**K**RÁKUSTÍGAR eru undirstaða skriftarhreyfinganna. Svona verða þeir að skrift.

Með þeim næst jafn taktur í skriftina. Þeir auðvelda jafnan halla, stafastærð og bil á milli stafleggja. Yfir- og undirleggir myndast með því að teygja úr sumum dráttunum. Með láréttum dráttum, sem hér eru rauðir svo þeir sjáist betur, er kominn stafarammi. Með því að skrifa ofan í strikin og mýkja formin erum við farin að skrifa.

Þegar tengt er úr b, p og þ snýrðu við eftir loka-dráttinn, ferð til baka sömu leið og tengir svo í næsta staf.

Sjá betur kaflann **b-fjölskyldan**.


Á þessari síðu á nemandinn að spora ofan í krákustígana og stafina á blaðinu. Gott er að gera þetta nokkrum sinnum.

Ítaliuskript hallast um rúmar þrjár gráður. Börnum sem vilja skrifa með meiri halla má leyfa það. Örvhent börn mega hafa hana upprétta og jafnvel láta hallast til vinstri. Hreyfingakerfið stendur óhaggað.

Best er að börnin snúi blöðum og stílabókum þannig að hallinn samræmist þægilegum hreyfingum.

**Munið að leiðbeina um rétt pennagrip.**





## Bls. 29 Stafbelgur b-fjölskyldu

**Æ**FING verður að afþreyingu með stafbelgjum úr stílfærðu lúðuhreistri.

Nemandinn á fyrst að spora belgina nokkrum sinnum og síðan skrifa ofan í þá. Kennarinn þarf að fylgjast vel með að farin sé rétt leið. Aðalhættan á mistökum er við snúninginn, drátt sem nemur staðar og fer sömu leið til baka.


Þessa æfingu, eins og fleiri, má stækka og leyfa nemendum að strika belgina með pensli og málningu. Eins geta þeir komið upp að töflu og strikað belginn með breiðum filtpenna. Þá geta nemendur metið stafbelg hver annars og þannig lært hver af öðrum: hvað er gert rétt og hvað gert er rangt.

- Fara þau rétta leið?
- Hallast skálinan of mikið eða of lítið?
- Fer leggurinn beint niður eða of mikið til vinstri eða hægri?
- Hallast lárétti drátturinn of mikið eða of lítið?
- Og hvar eiga bogalínurnar að lenda á belgnum?

Nemendum finnst yfirleitt gaman að vinna verkið í sameiningu. Einum tíma er vel varið í það. Þeir átta sig betur á löguninni. Stafirnir lærast fyrr.

Fleiri æfingar á:  
<[italiuskrif.com](http://italiuskrif.com)>

<[vefir.nams.is/italiuskrift](http://vefir.nams.is/italiuskrift)>  
<[italiuskrift.com](http://italiuskrift.com)>



## Bls. 30 Stafbelgur b-fjölskyldu

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu:

**[postur@italiuskrift.com](mailto:postur@italiuskrift.com)**

og við komum þeim áfram.

**A**LLTAF er gott að gera námið að leik. Hér er önnur æfing sem fæst við stafbelg b-fjölskyldunnar.

Nemandinn á að strika ofan í útlinustafina, stóru b-in, og gæta þess að byrja á réttum stað. Slóðin er sýnd vinstra megin við stafina.

Næst skrifar nemandinn ofan í ljósa b-ið í öðrum kassanum frá vinstri og skrifar síðan b í hina kassana. Svartir punktar sýna hvar á að byrja. Auga og munnur í kössunum er sett til gamans til þess að leggja áherslu á að stafbelgurinn er sá sami og í a-fjölskyldunni en snúinn í hálfhring. Þjóðráð er að nota vaxliti þar sem stafirnir eru mjög stórir.

Mynd merkt Rangt á vinstri hluta síðunnar sýnir mismunandi bil og ójafnan halla. Mynd merkt Rétt sýnir rétt bil og jafnan halla. Augljóst er að þar er skriftin áferðarfallegri og læsilegri.

**Mikilvægt er að leiðbeina um rétt pennagrip.**

Sjá betur kaflann **b-fjölskyldan** á [vefir.nams.is/italiuskrift](http://vefir.nams.is/italiuskrift)



### Bls.31 Skriftarhreyfing æfð

**L**ETURFORM Ítaliuskriptar eru byggð á auðveldum skriftarhreyfingum. Þær eru ekki síður mikilvægar en stafirnir sjálfir.


Börninn verða að læra skrift sem þolir hraða til þess að geta notað hana við nám. Til þess þurfa þau að æfa undirstöðuhreyfingar og að tengja stafina saman frá upphafi. Það sem fengist er við frá byrjun verður tamt og sjálfsagt. Með frekari æfingu er hægt að flýta sér en skrifa þó læsilega. Skrift er hreyfing, dans pennans á blaðinu. Hún er öllu meira en teikningar af kyrrstæðum, ótengdum stöfum í röð.

Nemandinn á fyrst að spora krákustígana og síðan ofan í stafina á krákustígunum. Hér er enn og aftur verið að ítreka krákustígana sem undirstöðu.

Næst skrifar hann ofan í ljósu stafina (b p) og svo sömu stafi í auðu bilin. Kostur er að hafa sporað þá áður en þeir eru skrifaðir.

Kennari þarf að gæta þess vel að börnin dragi rétt til stafanna. Stafaslóðin er sýnd til vinstri á síðunni. Þar sést líka snúningur stafanna b, p, þ, dráttur sem nemur staðar og fer sömu leið til baka til þess að tengja í næsta staf.

Fyrirmynd réttthentra barna er vinstra megin. Hægra megin, yst á línunni er önnur fyrir örvhenta. Allir byrja að skrifa á sama stað, b-inu lengst til vinstri.



### Bls. 32 Leikur með deplastafi

Fleiri æfingar er að finna á  
<italiuskrift.com>

**T**ENGDIR deplar í réttri röð mynda stafi og kenna rétta slóð. Hér er enn leikið sér að letri.

Nemandinn á að spora fyrsta stafinn, sem er b, með því að fylgja tölustöfum. Næst er stafurinn skrifaður með vaxlit á sama hátt.

Þá sporar hann hinar talnarunurnar með fingri, finnur stafina einn af öðrum, p, þ, h, k, n, m, r og skrifar þá svo með vaxlit.


Með því að spora fyrst og jafnvel oftár en einu sinni þekkir nemandinn slóðina og dregur til stafs af meiri vissu og öryggi. Þar sem stafirnir eru stórir gefst kostur á að nota vaxlit. Ekkert mælir þó móti því að nota blýant fyrst ef nemandinn vill.

Hægt er að stækka þessa síðu með ljósritun og leyfa börnunum að leika sér að stöfunum í mismunandi stærðum og með mismunandi skriffærum.

Vinstra megin á síðunni er sýnt hvernig b-ið á að vera og hvernig ekki. Nauðsynlegt er fyrir kennara að útskýra þessar myndir til þess að nemandinn átti sig á þeim.

Sjá betur kaflann *b-fjölskyldan*.

**Munið að leiðbeina um rétt pennagrip.**



### Bls. 33 Stafirnir b B og p P

**H**ÉR eru æfðir lágstafirnir b og p (litlir) og hástafirnir B og P (stórir).

Nemandinn skrifar fyrst ofan í þrjú n með tengingum. Þær eru auðveldar og líkjast krákustíg.

Næst skrifar hann ofan í stafina b, p, b sem ekki tengjast eins auðveldlega. Gæta þarf þess að snúningurinn sér réttur þegar drátturinn nemur staðar, fer sömu leið til baka og tengist í næsta staf.

Næst skrifar nemandinn ofan í stafinn B, svo litla b-ið og á sama hátt ofan í bæði p-in. Gætið þess vel að rétt sé dregið til stafanna. Stafaslóðir eru sýndar á vinstri spássíu.

Síðan skrifar nemandinn ofan í ljósu stafina Bbbb og Pppp. Að lokum skrifar hann ofan í orðið Baka, skrifar Baka í auða bilið með byrjunarpunkta til aðstoðar og endar á að skrifa ofan í seinna orðið Baka.

**Munið að leiðbeina um rétt pennagrip til þess að koma í veg fyrir skrifkrampa.**

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- Hvern og einn staf
- Tengingar stafanna

Sjá betur kaflana:

- ***b-fjölskyldan***
- ***Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir***
- ***Úr frumformum í skrift Hástafir / stórir stafir***



## Bls. 34 Hástafalína

Letur húmanista sem hæst reis um aldamótin 1500 er undirstaða Ítaliuskriftar. Vegna fagurfræði og sögulegra hefða eru yfirleggir í henni hærri en stóru stafirnir.

Þetta vefst ekki fremur fyrir byrjanda en mismunur á útliti hástafa og lágstafa. Fyrir honum er allt er nýtt. Hins vegar er snúnara að breyta því sem þegar hefur verið lært og orðið er vanabundið.

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum; sendið okkur línu:

**[postur@italiuskrift.com](mailto:postur@italiuskrift.com)**

og við komum þeim áfram.

**H**ÁSTAFIR, sem líka eru kallaðir stórir stafir, ná upp að hástafalínu en fara ekki yfir hana. Tákn hennar er ský.

Í mörgum afbrigðum lykkjuskriptar eru hástafir jafnháir yfirleggjum. Stórir stafir í Ítaliuskript eru lægri.


Hástafir byrja setningar og sérnöfn og hafa annað form en lágstafir, nema stafurinn S sem er svipaður. Ólíklegt er að fólk ruglist á stórum stöfum og litlum.

Upphaflega voru einungis hástafir í latneska stafrófinu. Seinlegt er að skrifa þá óbjagaða. Þeir eru ekki auðlesnir í löngu meginmáli. Lágstafir urðu til þegar ritarar reyndu öldum saman að skrifa stóru stafina hratt, læsilega og án óþarfa fyrirhafnar.

Áður en börnin byrja á þessari blaðsíðu þarf kennarinn að ganga úr skugga um að þau átti sig á hæð hástafanna.

Á þessari síðu á nemandinn að skrifa ofan í ljósu stafina. Svo má hann lita stærsta skýið ef hann vill.





### Bls. 35 Stafirnir þ Þ og r R æfðir

**H**ÉR æfa börnin lágstafina þ og r (litla) og hástafina Þ og R (stóra).

Fyrst skrifar nemandinn ofan í þrjú tengd n og síðan stafina þ, r, r, þ sem líka eru tengdir. Þegar tengt er úr stafnum þ þarf aðgát við snúninginn.

Nemendur þurfa að læra að tengja rétt úr stafnum r. Líttill krókur niður á við kemur til dæmis í veg fyrir að stafirnir rn séu teknir í misgripum fyrir stafinn m. Króknum má líkja við öldu eins og sýnt er á vinstri spássíu. Látið nemendur æfa þetta vel og gera það að leik.

Næst skrifar nemandinn ofan í stóra Þ-ið og svo litla þ-ið og á sama hátt ofan í r-in. Gæta þarf þess vel að rétt sé dregið til stafanna. Stafaslóðir eru sýndar á vinstri spássíu.

Benda þarf börnunum á að stóra Þ stendur á grunnlínu en litla þ fer niður fyrir hana. Litla þ hefur bæði yfirlegg og undirlegg. Til fróðleiks má geta að enginn annar hluti latneska stafrófsins er fenginn úr rúnalettri.

Eftir það skrifar nemandinn ofan í ljósu stafina Þþþþ og Rrrr.

Að lokum skrifar hann ofan í orðið Þurra. Því næst skrifar hann Þurra í auða bilið og hefur byrjunarpunktana til aðstoðar. Á endanum skrifar hann ofan í seinna orðið Þurra.

**Munið að leiðbeina um rétt pennagrip til þess að koma í veg fyrir skrifkrampa**

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- Hvern og einn staf
- Tengingar stafanna

Sjá betur kaflana:

- ***b-fjölskyldan***  
(Ath. þessi kafli er hluti úr kaflanum hér fyrir neðan)
- ***Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir***
- ***Úr frumformum í skrift Hástafir / stórir stafir***

<vefir.nams.is/italiuskrift>  
<italiuskrift.com>



### Bls. 36 Stafirnir h H og k K æfðir

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- Hvern og einn staf
- Tengingar stafanna

Sjá betur kaflana:

- ***b-fjölskyldan***  
(Ath. þessi kafli er hluti úr kaflanum hér fyrir neðan)
- ***Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir***
- ***Úr frumformum í skrift Hástafir / stórir stafir***

**S**TAFURINN k er svipaður stafnum h með allt of þröngt belti.


Nemandinn á fyrst að skrifa ofan í þrjú tengd n og síðan stafina h, k, h sem líka eru tengdir. Gætið þess vel að þeir séu rétt tengdir. Stafabil eru jafnari ef tenging úr stafnum k er oddmyndaðri en tíðkast um aðra svipaða stafi, til dæmis h.

Næst skrifar hann ofan í stóra H, síðan litla h-ið og á sama hátt ofan í k-in bæði. Gæta þarf þess vel að rétt sé dregið til stafanna. Stafaslóðir eru sýndar á vinstri spássíu.

Svo skrifar hann ofan í ljósu stafina Hhh og Kkk.

Að lokum skrifar nemandinn ofan í orðið Kaka. Næst skrifar hann Kaka í auða bilið og hefur byrjunarpunktana til halds og trausts. Á endanum skrifar hann ofan í seinna orðið Kaka.

**Munið að leiðbeina um rétt pennagrip til þess að koma í veg fyrir skrifkrampa.**



## Bls. 37 Yfirlína

**S**ÍÐUSTU hjálparlínuna okkar köllum við yfirlínu. Hún er efst þeirra. Yfirleggir litlu stafanna þurfa að ná upp að henni en mega ekki fara yfir hana. Tákn hennar er sól.

Yfirleggir í Ítaliuskript eru hærri en hástafir, sem ekki eiga að gnæfa yfir litlu stafina. Þeir eru hluti af samstæðri heild textans.

Einn af lykilþáttum áferðarfallegrar skriftar er að halda sama svipmóti í stærð og lögun. Stafirnir sitja á sömu línu. Undirleggirnir ná alla leið niður að undirlínunni en fara ekki yfir hana. Yfirleggir eru í sömu hæð (nema stafurinn t sem er lægri). Hjálparlínur auðvelda börnunum að temja sér hlutföll í skriftinni.

Í áferðarfallegri skrift er ákveðin ró og jafnvægi. Það auðveldar lestur.

Hér á nemandinn að skrifa ofan í ljós-fjólubláu stafina h og k, með yfirleggi sem ná upp að yfirlínu og sitja á grunnlínunni. Svo má hann lita stærstu sólina ef hann vill.


Áður en nemendur vinna þessa blaðsíðu þarf kennari að ganga úr skugga um að börnin viti hvað yfirleggir eru og skilji tilgang yfirlínunnar.

Leggið okkur lið. Deilið skemmtilegum hugmyndum, sendið okkur línu:

***postur@italiuskrift.com***

og við komum þeim áfram.

<vefir.nams.is/italiuskrift>  
<italiuskrift.com>



### Bls. 38 Stafirnir m M og n N æfðir

Farið betur yfir með nemendum, upp við töflu:

- Hvern og einn staf
- Tengingar stafanna

Sjá betur kaflana:

- **b-fjölskyldan**  
(Ath. þessi kafli er hluti úr kaflanum hér fyrir neðan)
- **Úr krákustíg í skrift, lágstafir / litlir stafir**
- **Úr frumformum í skrift Hástafir / stórir stafir**

**S**TAFIRNIR M og N byggjast á einföldum frumformum, ferningum og þríhyrningum, og hafa varla breyst í 2000 ár. Auðvelt er að átta sig á þeim en vandi að skrifa þá ef eitthvað liggur á. Lágstafirnir m og n komu til sögunnar eftir margra alda þróun. Þeir hafa fullkomna slóð og bjagast lítið þegar illa er skrifað.

Nemandinn á að skrifa ofan í þrjú tengd n og síðan stafina h, k, h sem líka eru tengdir. Gæta þarf þess að þeir séu rétt tengdir. Oddmynduð tenging úr k-inu myndar jafnara stafabil en krókur, eins og á h-inu til dæmis.

Næst skrifar nemandinn ofan í stóra M-ið og svo litla m-ið og á sama hátt ofan í n-in. Gæta þarf vel að því að börnin dragi rétt til stafanna. Eins og annars staðar eru stafalóðir sýndar á vinstri spássíu.

Eftir það skrifar nemandinn ofan í ljósu stafina Mm og Nnn.

Að lokum skrifar hann ofan í orðið Máni í neðstu línu. Því næst skrifar hann Máni í auða bilið og hefur byrjunarpunktana til aðstoðar. Á endanum skrifar hann ofan í seinna orðið Máni.

**Skrifkrampi er alvarlegt vandamál. Honum má afstýra með því að slaka á og halda skynsamlega á blýantinum. Á þessu þarf að taka strax í byrjun.**



## Bls. 39 Skrifað með stöfum úr b-fjölskyldu

**H**ÉR er æfingum með stöfum úr b-fjölskyldunni haldið áfram.

Nemandinn á að skrifa ofan í orðin Ragnar bakar. Næst skrifar hann þau milli linanna fyrir neðan sem auðkennd eru með táknmyndum. Þar að auki eru byrjunarpunktarnir honum til hjálpar. Grunnlinan er græn og á henni standa allir stafirnir eða sitja.

Eftir það skrifar hann ofan í orðin Núna á Gunna úr og skrifar þau milli linanna fyrir neðan. Hér hefur nemandinn, auk þess sem áður var talið, skáhallar línur til hjálpar.

Þegar nemandinn hefur lokið við síðuna er mjög gagnlegt að hann skoði nákvæmlega það sem hann skrifaði. Eru stafirnir í réttri stærð? Hallast þeir jafnt? Eru bilin milli stafleggja jöfn? Er hann ánægður með afraksturinn? Eða þarf að skoða eitthvað betur og laga?

Bros- og fýlukarl má nota við sjálfsmatið. Kennarinn þarf að fara yfir gallana sem nemandinn fann sjálfur og gefa honum góð ráð um lagfæringar.

Hægt er að nálgast fleiri byrjunaræfingar og matsblað, sem kennarar geta haft til hliðsjónar þegar þeir fara yfir skrift: [italiuskrift.com](http://italiuskrift.com)

Með því að leiðbeina nemandanum í tæka tíð má afstýra að hann temji sér rangar aðferðir.

Mikilvægt er að hann finni ekki fyrir tímaþröng og geti æft sig í ró og næði. Best er að námið sé til ánægju og skemmtunar þegar við verður komið. Æfingin skapar meistarann.

Munið eftir að hrósa barninu þegar vel gengur. Það er mjög mikilvægt.

[vefir.nams.is/italiuskrift](http://vefir.nams.is/italiuskrift)  
[italiuskrift.com](http://italiuskrift.com)



### Bls. 39 Skrifað með stöfum úr b-fjölskyldu

Til að árangur náist er gott að barnið

- æfi oft en stutt í einu
- sé úthvilt og vel upp lagt
- hafi rólegheit. Róleg tónlist án söngs getur stundum hjálpað til við að skapa þægilegar aðstæður
- fái hrós

Vakna spurningar? Er eitthvað óljóst? Þarf á frekari skýringum að halda? Hafið endilega samband:

**[postur@italiuskrift.com](mailto:postur@italiuskrift.com)**

**H**ÉR er æfingum með stöfum úr b-fjölskyldunni enn haldið áfram.

Nemandinn á að skrifa ofan í orðin Haukur rak kúna. Næst skrifar hann þau milli línanna fyrir neðan sem auðkennd eru með táknmyndum. Þar að auki eru byrjunarpunktarnir honum til hjálpar. Grunnlínan er græn og á henni standa allir stafirnir eða sitja.

**Mikilvægt er að leiðbeina með rétt pennagrip. Skrifkrampi er alvarlegt vandamál. Honum má afstýra með því að slaka á og halda skynsamlega á blýantinum. Á þessu þarf að taka strax í byrjun.**

Þegar nemandinn hefur lokið við síðuna er mjög gagnlegt að hann skoði nákvæmlega það sem hann skrifaði. Eru stafirnir í réttri stærð? Hallast þeir jafnt? Eru bilin milli stafleggja jöfn? Er hann ánægður með afraksturinn? Eða þarf að skoða eitthvað betur og laga?

Bros- og fýlukarl má nota við sjálfsmatið. Kennarinn þarf að fara yfir gallana sem nemandinn fann sjálfur og gefa honum góð ráð um lagfæringar.

Hægt er að nálgast fleiri byrjunaræfingar og matsblað, sem kennarar geta haft til hliðsjónar þegar þeir fara yfir skrift: **<italiuskrift.com>**



## Persónuleg rithönd

**M**ARKMIÐ skriftarnámsins er að nemandinn þjálfist í skrift sem nýtist honum vel í skólastarfinu og í daglegu lífi síðar meir.

Grunnurinn þarf að vera góður til að hægt sé að byggja ofan á. Forskriftin í bókunum er undirstaðan en Ítaliuskriptin felur í sér marga möguleika til þróunar á fallegri rithönd.

Með því að leiðbeina nemandanum í tæka tíð má afstýra að hann temji sér rangar aðferðir.

Mikilvægt er að hann finni ekki fyrir tímaþröng og geti æft sig í ró og næði. Best er að námið sé til ánægju og skemmtunar. Æfingin skapar meistarann.

Munið eftir að hrósa barninu þegar vel gengur. Það er mjög mikilvægt.

### 1A Ítaliuskrift

#### Kennsluleiðbeiningar

<vefir.nams.is/italiuskrift>

© 2012 Texti, umbrot

og teikningar:

Freyja Bergsveinsdóttir og

Gunnlaugur SE Briem

Ritstjóri: Harpa Pálmadóttir

1. útgáfa 2012

Námshagnastofnun

Kópavogi.

# Ítalíuskrift

## Kennsluleiðbeiningar

Þessar kennsluleiðbeiningar og fleiri eru að finna á vef Námsgagnastofnunar: <vefir.nams.is/italiuskrift>

Viðbótarefni og kennslugögn má sækja á lénið <italiuskrift.com>. T.d.

– Krotæfingar og krákustígsæfingar.






– Borðrenninga með tengdu og ótengdu lettri, með og án hjálparlína.

– Línustrikuð byrjendablöð. Hvort tveggja við hæfi rétthentra og örvhentra. Blöð með hjálparlinum fyrir skrift í sex stærðum, bæði með hallalinum og án þeirra.

– Rúðustrikuð blöð, með og án hallalína.

– Deplastafi sem skrifaðir eru eftir talnaröð.

– Forskriftarblöð.



Gangi ykkur vel!